

Sp.

62. Tillaga til þingsályktunar

um gagnfræðanám.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Páll Þorsteinsson. Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga og undirbúa fyrir næsta þing, hversu haganlegast verði komið fyrir með löggjöf:

- a. Að samræma gagnfræðakennslu í landinu, þannig að próf frá hvaða gagnfræðaskóla, sem er, veiti sömu réttindi til framhaldsnáms.
- b. Að héraðsskólunum verði heimilað og gert kleift að halda uppi gagnfræðadeild í sambandi við og framhaldi af héraðsskólakennslunni með sömu réttindum og öðrum gagnfræðaskólum.

Greinargerð.

Í flestum eða öllum kaupstöðum landsins eru nú starfandi gagnfræðaskólar og jafnvel 2 og 3 í sumum þeirra, og í sveitum starfa auk þess 6 héraðsskólar. Öllum er skólum þessum ætlað svipað verkefni, að veita almenna fræðslu í áframhaldi af barnaskólunum, enda þótt starfsaðferðir séu að einhverju leyti sitt með hverjum hætti. En jafnhliða því, að skólar þessir hafa að markmiði að veita almenna, gagnnýta fræðslu, eru þeir einnig undirbúningsskólar fyrir nokkurn hluta nemendanna undir framhaldsnám við aðra skóla, t. d. menntaskólana og ýmsa sérskóla. Hins vegar veita próf frá þeim engin réttindi í þessum efnum, og verða nemendur frá þeim, sem áfram vilja halda í öðrum skólum, að undirbúa sig undir það sérstaklega og taka próf á ný inn í aðra skóla, sem þeir vilja stunda nám við. Aðeins 3 undan-tekningar eru þó frá þessu. Gagnfræðadeildirnar við menntaskólana báða, í Reykjavík og á Akureyri, veita með hirtfararprófi sínu nemendum heimild til að stunda nám í menntaskólunum án inntökuprófs, og Gagnfræðaskóli Reykvíkinga mun hafa sömu aðstöðu við menntaskólann hér í Reykjavík.

Það liggur í augum uppi, að þetta er mjög ófullnægjandi fyrirkomulag og óþægilegt og verður til þess, að aðsóknin að þeim skólum, sem einhver réttindi veita, verður langsamlega mest og oftast um of og að hinir skólarnir verða skeytingarminni um að ná vissu marki með fræðslu sinni.

Auk þess ber á það að líta, að það væri hverjum manni til hins mesta hagræðis að geta stundað nám, eins lengi og unnt er, í þeim skóla, sem næstur honum er, ef hann hugsar til framhaldsnáms. Er það oftast ódýrara aðstandendum hans, og tengslin við heimilið standa lengur og meðan þess er þörfin mest fyrir nemandann.

Við að framkvæma þetta, svo að vel sé, eru vissulega ýmsir örðugleikar, en það er trú okkar, að þá sé hægt að yfirstiga með viturra og reyndra manna ráðum, hér á landi eins og annars staðar, ef viljinn og skilningurinn eru fyrir hendi, og þetta er vissulega verkefni, sem leysa þarf, og það sem fyrst.